

Heimilisfræði 9. - 10. bekkur.

Kennari: Bryndís Hafþórsdóttir

Kennsluaðferðir: Í heimilisfræðitímum fer fram verkleg kennsla auk bóklegrar kennslu. Yfirleitt er unnið í hópum og umræður mikið notaðar. Áhersla er lögð á að nemendur séu virkir í tímum.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar sem kennd eru á tímabilinu 9.-10. bekkur

Námsþáttur	9. og 10. bekkur í samkennslu
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none">greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu,greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none">skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni,nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukefni, geymslu og matreiðslu
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none">sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun,rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar, verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum.
Matur og menning	<ul style="list-style-type: none">sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none">unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnunahagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæðiskipulagt vinnu sína með sjálfbærni í hugasett verkefni sín í menningarlegt samhengimetið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.